

Svar

matvælaráðherra við fyrirspurn frá Guðbrandi Einarssyni um úthlutun tollkvóta á matvörum.

1. Hversu miklu magni tollkvóta á matvörum frá öðrum löndum var úthlutað til framleiðenda á sömu eða sambærilegum vörum á tímabilinu frá janúar 2017 til dagsins í dag?

Ráðherra úthlutar ár hvert tollkvótum fyrir kjöt, osta, blóm, plöntur og unnar kjötvörur samkvæmt viðskiptasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum. Um er að ræða tollkvóta vegna aðildarsamnings Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), en einnig samkvæmt fríverslunarsamningum Íslands við Evrópusambandið (ESB), Bretland og Noreg.

Ráðuneytið birtir niðurstöður allra úthlutana á tollkvótum á vef Stjórnarráðsins, þar sem má sjá úthlutun til umsækjenda eða tilboðsgjafa eftir vörutegund og magni. Ráðuneytið heldur hins vegar ekki upplýsingar um starfsemi eða framleiðslu einstakra aðila sem fá úthlutaðan tollkvóta. Í svari þessu er því stuðst við ÍSAT, atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands. Framleiðendur á sömu eða sambærilegum vörum eru skilgreindir sem fyrirtæki sem flokkuð eru í deildir 01 og 10 samkvæmt ÍSAT2008. Lýsing á deild 01 er „Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi“ og á deild 10 „Matvælaframleiðsla“. Í meðfylgjandi töflu má sjá upplýsingar um úthlutaðan tollkvóta eftir gildistíma hans og úthlutun framleiðenda.

Úthlutun ESB tollkvóta eftir árum, úthlutun til framleiðenda skv. skilgreiningu								
í kg - ártal á við um gildistíma tollkvóta		2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023 (jan-jún)
Nautakjöt	Úthlutað, alls	50.000	199.333	398.000	547.000	696.000	696.000	348.000
	í vörulíðum 0201 og 0202	Úthlutað til framleiðenda	8.000	10.000	86.308	20.252	28.000	152.000
	% til framleiðenda	16%	5%	22%	4%	4%	22%	10%
Svínakjöt	Úthlutað, alls	100.000	366.667	700.000	700.000	700.000	700.000	350.000
	í vörulíð 0203	Úthlutað til framleiðenda	6.000	56.000	255.000	157.000	150.000	408.000
	% til framleiðenda	6%	15%	36%	22%	21%	58%	0%
Alifuglakjöt	Úthlutað, alls	100.000	418.667	856.000	856.000	856.000	856.000	428.000
	í vörulíð 0207	Úthlutað til framleiðenda	0	0	217.988	184.000	71.500	198.000
	% til framleiðenda	0%	0%	25%	21%	8%	23%	0%
Alifuglakjöt*	Úthlutað, alls	0	0	200.000	200.000	200.000	200.000	100.000
	í vörulíð ex0207	Úthlutað til framleiðenda	0	0	12.000	0	0	0
	* lifrænt og lausagöngu	% til framleiðenda	–	–	6%	0%	0%	0%
Reykt, þurrkað og saltað kjöt	Úthlutað, alls	25.000	83.333	100.000	100.000	100.000	100.000	50.000
	í vörulíð 0210	Úthlutað til framleiðenda	0	0	0	7.000	14.400	29.622
	% til framleiðenda	0%	0%	0%	7%	14%	30%	0%
Ostur	Úthlutað, alls	40.000	130.000	230.000	305.000	380.000	380.000	190.000
	í vörulíð 0406	Úthlutað til framleiðenda	7.000	20.000	20.000	17.000	33.000	15.000
	% til framleiðenda	18%	15%	9%	6%	9%	4%	5%
Ostur *	Úthlutað, alls	9.996	56.667	130.000	185.000	230.000	230.000	115.500
	í vörulíð 0406	Úthlutað til framleiðenda	0	5.500	9.750	42.750	60.300	44.350
	* upprunamerki; hlutkesti	% til framleiðenda	0%	10%	8%	23%	26%	19%
								16%

Pýlsur o.þ.h.	Úthlutað, alls	25.000	116.667	216.604	250.000	250.000	250.000	125.000
<i>i vörulið 1601</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	0	15.000	21.246	0	8.489	0
	% til framleiðenda	0%	0%	7%	8%	0%	3%	0%
Unnar kjötvörur	Úthlutað, alls	25.000	130.000	290.000	400.000	400.000	400.000	200.000
<i>i vörulið 1602</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	0	7.000	0	0	0	10.000
	% til framleiðenda	0%	0%	2%	0%	0%	0%	5%
Samtals	Úthlutum tollkvóta, alls	374.996	1.501.334	3.120.604	3.543.000	3.812.000	3.812.000	1.906.500
	Úthlutum tollkvóta alls	11.000	91.500	623.046	449.248	357.200	855.461	73.750
	% af heildartollkvóta	3%	6%	20%	13%	9%	22%	4%

Úthlutun WTO tollkvóta eftir árum, úthlutun til framleiðenda skv. skilgreiningu

<i>i kg - tímabil á við gildistíma tollkvóta</i>		jan-jún 2017	júl 2017- jún 2018	júl 2018- jún 2019	júl 2019- jún 2020	júl 2020- jún 2021	júl 2021- jún 2022	júl 2022- jún 2023
Nautakjöt	Úthlutað, alls	47.500	95.000	95.000	95.000	95.000	95.000	95.000
<i>i vöruliðum 0201, 0202 og 0210</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	2.000	0	0	0	0	65.000
	% til framleiðenda	0%	2%	0%	0%	0%	0%	68%
Svinakjöt	Úthlutað, alls	32.000	64.000	64.000	64.000	64.000	64.000	64.000
<i>i vöruliðum 0203 og 0210</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	17.300	0	0	0	1.667	0
	% til framleiðenda	0%	27%	0%	0%	0%	3%	0%
Kinda- eða geitakjöt	Úthlutað, alls	172.500	345.000	345.000	345.000	345.000	345.000	345.000
<i>i vöruliðum 0204 og 0210</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	0	0	0	0	0	0
	% til framleiðenda	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
Kjöt af alifuglum	Úthlutað, alls	29.500	59.000	59.000	59.000	59.000	59.000	59.000
<i>i vörulið 0207</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	0	12.000	0	0	33.500	0
	% til framleiðenda	0%	0%	20%	0%	0%	57%	0%
Smjör og önnur feta	Úthlutað, alls	26.500	53.000	53.000	53.000	53.000	53.000	53.000
<i>i vörulið 0405</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	0	0	0	0	0	0
	% til framleiðenda	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
Ostur eða ystingur	Úthlutað, alls	59.500	119.000	119.000	119.000	119.000	119.000	119.000
<i>i vörulið 0406</i>	Úthlutað til framleiðenda	15.000	1.200	0	20.000	10.000	909	0
	% til framleiðenda	25%	1%	0%	17%	8%	1%	0%
Egg og eggjaafurðir	Úthlutað, alls	38.000	76.000	76.000	76.000	76.000	76.000	76.000
<i>i vöruliðum 0407 og 0408</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	0	0	0	0	0	0
	% til framleiðenda	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
Unnar kjötvörur	Úthlutað, alls	43.000	86.000	86.000	86.000	86.000	86.000	86.000
<i>i vörulið 1602</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	0	0	0	0	0	0
	% til framleiðenda	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
Samtals	Úthlutum tollkvóta, alls	448.500	897.000	897.000	897.000	897.000	897.000	897.000
	Úthlutum tollkvóta alls	15.000	20.500	12.000	20.000	10.000	36.076	65.000
	% af heildartollkvóta	3%	2%	1%	2%	1%	4%	7%

Úthlutun tollkvóta fyrir innflutning frá Bretlandi eftir árum, úthlutun til framleiðenda skv. skilgreiningu

<i>i kg - tímabil á við gildistíma tollkvóta</i>		2021	2022	2023
Ostur	Úthlutað, alls	19.000	19.000	19.000
<i>i vörulið 0406</i>	Úthlutað til framleiðenda	3.000	0	4.000
	% til framleiðenda	16%	0%	21%
Ostur *	Úthlutað, alls	11.000	11.000	11.000
<i>i vörulið 0406</i>	Úthlutað til framleiðenda	3.000	2.750	3.300
<i>* upprunamerktur ostur; hlutkesti</i>	% til framleiðenda	27%	25%	30%
Unnar kjötvörur	Úthlutað, alls	18.400	18.400	18.400
<i>i vörulið 1602</i>	Úthlutað til framleiðenda	0	0	0
	% til framleiðenda	0%	0%	0%
Samtals	Úthlutum tollkvóta, alls	48.400	48.400	48.400
	Úthlutum tollkvóta alls	6.000	2.750	7.300
	% af heildartollkvóta	12%	6%	15%

Þá var úthlutað 8.000 kg af tollkvóta fyrir osta til framleiðenda af EFTA tollkvótum sem giltu frá júlí 2017 til júní 2018. Samanlagður tollkvóti fyrir osta á sama tímabili var 15.000 kg. Einnig var úthlutað til framleiðenda af tollkvótum fyrir smurosta frá Noregi alls 5.000 kg árið 2018 og 8.185 kg árið 2023. Samanlagður árlegur tollkvóti er 13.000 kg.

Öðrum tollkvótum sem úthlutað er, einkum til innflutnings á blómum og plöntum, hefur ekki verið úthlutað til framleiðenda.

2. Hvert var hlutfall nýtingar á þeim tollkvóta?

Matvælaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um nýtingu tollkvóta en Skatturinn fer með eftirlit og skráningu á nýtingu tollkvóta. Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmál-efna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands frá 1. febrúar 2022 ber fjármála- og efnahagsráðuneytið ábyrgð á starfsemi Skattsins, tollum og tollgæslu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá febrúar 2022 um tollframkvæmd vegna landbúnaðarafurða er m.a. fjallað um fyrirkomulag við skráningu á nýtingu tollkvóta. Í skýrslunni kemur fram að Ríkisendurskoðun telji mikilvægt að rafvæðingu ferilsins um stjórnun og nýtingu tollkvóta verði lokið, þ.e. að ferlið verði þannig úr garði gert að kerfi Skattsins og ráðuneytisins tali saman og geri óþörf svokölluð úthlutunarbréf á pappírsformi þar sem nýting tollkvóta er skráð. Matvælaráðuneytið og Skatturinn hafa unnið að því að ljúka rafvæðingu ferilsins og er sú vinna vel á veg komin. Stefnt er að því að þessar lausnir verði komnar í gagnið á árinu 2023.